



STARFSREGLUR

STJÓRNAR BRIMS HF



1. gr. Skipan stjórnar

- 1.1** Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarkjör er því aðeins gilt að kynjahlutföll í stjórn séu sem jöfnust og skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%.

2. gr. Skipting starfa innan stjórnar

- 2.1** Félagsstjórnin skal strax að loknu stjórnarkjöri koma saman til fundar, þar sem hún skiptir með sér verkum. Skal úr hópi stjórnarmanna kosinn formaður og varaformaður en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eins og þurfa þykir. Sé forstjóri félagsins einn stjórnarmanna verður hann þó ekki kosinn formaður.
- 2.2** Aldursforseti félagsstjórnar stjórnar fundi stjórnar, samkvæmt gr. 2.1, þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins.
- 2.3** Skal formaður gæta þess að stjórnarmenn fái leiðsögn í starfsháttum stjórnarinnar og málefnum félagsins.
- 2.4** Við kjör til trúnaðarstarfa skal beitt einfaldri meirihlutakosningu. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

3. gr. Verksvið stjórnar

- 3.1** Félagsstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.
- 3.2** Félagsstjórn skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi og í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.
- 3.3** Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 3.4** Félagsstjórn skal hafa eftirlit með því að hlutaskrá sé haldin lögum samkvæmt.
- 3.5** Stjórnin skal árlega skilgreina mikilvægustu verk sín, markmið og stefnu félagsins og gera áætlun um störf sín.
- 3.6** Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins. Þannig skuldbindur undirritun þriggja stjórnarmanna félagið.
- 3.7** Félagsstjórn ræður forstjóra að félaginu, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við forstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Félagsstjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við forstjóra. Starfskjaranefnd er stjórninni til ráðuneytis við einstaka samninga.
- 3.8** Félagsstjórn veitir prókúruumboð.
- 3.9** Félagsstjórn skal setja félaginu markmiðsáætlun í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess og skal marka þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum. Stjórnin fylgist með að forstjóri marki og fylgi viðskiptastefnu í samræmi við markmiðsáætlun.
- 3.10** Félagsstjórn skal árlega skilgreina þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við og með hvaða hætti brugðist verði við þeirri áhættu sem um ræðir. Þá skal stjórnin jafnframt

sjá til þess að til staðar sé fullnægjandi kerfi innra eftirlits sem er formlegt, skjalfest og virkni þess reglulega staðreynd.

- 3.11** Stjórnin starfar á formlegum fundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda félagsins um málefni er varða ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar.
- 3.12** Félagsstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Félagsstjórn getur þó veitt forstjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Eins getur forstjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal forstjóri tafarlaust tilkynna formanni félagsstjórnar um afgreiðslu málsins. Til óvenjulegra og/eða mikilsháttar ákvarðana teljast m.a.:
1. Kaup eða sala skipa
 2. Kaup eða sala fasteigna þar sem viðamikil starfsemi félagsins fer fram.
 3. Veðsetning eigna félagsins
 4. Verulegar lántökur.

4. gr. Fyrirsvar félagsstjórnar

- 4.1** Formaður félagsstjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt forstjóra, eftir aðstæðum hverju sinni. Geti formaður ekki sinnt starfsskyldum sínum sökum forfalla tekur varaformaður við skyldum hans.
- 4.2** Formaður félagsstjórnar og/eða forstjóri sitja að jafnaði í stjórnnum dótturfélaga og skal annar hvor þeirra gegna þar formennsku.
- 4.3** Meiriháttar ákvarðanir í stjórnnum dótturfélaga Brims hf. skal ávallt bera undir stjórn félagsins og líta svo á að ákvarðanir stjórna dótturfélaga séu ráðgefandi fyrir stjórn Brims hf. í hverju tilviki.
- 4.4** Formaður félagsstjórnar fer að öðru jöfnu með atkvæði félagsins á hluthafafundum allra þeirra félaga sem félagið kann að eiga eignarhluti í nema stjórn ákveði annað. Stjórnarformanni er heimilt að fela öðrum þetta umboð.
- 4.5** Formaður félagsstjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra. Skal forstjóri upplýsa stjórnarformann um meginatriði í rekstri félagsins eftir því sem hann leitar eftir til að hann geti sinnt hlutverki sínu sem stjórnarformaður. Þá ber stjórnarformaður ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins.
- 4.6** Formaður félagsstjórnar ber jafnframt ábyrgð á eftirfarandi þáttum:
- 4.6.1** Stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn sé búnað sem bestar starfsaðstæður.
- 4.6.2** Halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem félaginu tengjast og stuðla að virkni stjórnar í allri umræðu og ákvarðanatöku. Stjórnarformaður skal sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
- 4.6.3** Fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnar og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.

- 4.6.4** Sjá til þess að stjórnin uppfæri, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu. Jafnframt að sjá til þess að stjórnarmenn fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnun fyrirtækja, svo sem um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð.
- 4.6.5** Sjái til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. stefnu þess, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
- 4.6.6** Sjá til þess að starfsreglur stjórnar séu endurskoðaðar árlega.
- 4.6.7** Hafi frumkvæði að árlegu árangursmati stjórnar og undirnefnda stjórnar.
- 4.7** Formaður félagsstjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum.

5. gr. Boðun funda o.fl.

- 5.1** Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þörf krefur og skv. samþykktri fundaáætlun, en að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundir skulu haldnir á skrifstofu félagsins, en halda má þá annars staðar eftir aðstæðum.
- 5.2** Heimilt er að taka þátt í stjórnarfundum með fjarskiptabúnaði skv. gr. 8.2 í samþykktum félagsins.
- 5.3** Stjórnarformanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna, forstjóri eða endurskoðandi krefst þess.
- 5.4** Forstjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema félagsstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 5.5** Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi félagsstjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem hann hefur áritað. Skal honum jafnframt skylt að sitja stjórnarfundum ef einstakir stjórnarmenn óska þess.
- 5.6** Til stjórnarfundar skal að jafnaði boðað með 5 daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 5.7** Til funda skal boðað með rafpósti eða símleiðis. Skal dagskrár getið í fundarboði. Stjórnarformanni er skylt að sjá til þess að stjórnarmönnum gefist kostur á að kynna sér þau gögn sem lögð kunna að verða fyrir stjórnarfund með hæfilegum fyrirvara.

6. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 6.1** Félagsstjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 5. gr.
- 6.2** Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.
- 6.3** Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá stjórnarfundar verða ekki afgreidd á sama fundi, ef beiðni um frestun á afgreiðslu málsins kemur fram á fundinum.

- 6.4 Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum, en varaformaður í forföllum hans.
- 6.5 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.
- 6.6 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál utan stjórnarfunda skulu þeir snúa sér til stjórnarformanns en ekki starfsmanna félagsins.
- 6.7 Hafi komið fram lögmæt krafa um hluthafafund til að ákveða málefni sem stjórnin hefur haft til umfjöllunar skal stjórnin bíða niðurstöðu hluthafafundar áður en slík málefni eru leidd til lykta.

7. gr. Fundargerðir og stjórnarfundargögn

- 7.1 Formaður félagsstjórnar skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.
- 7.2 Í fundargerðar skal skrá eftirfarandi:
 - a) Nafn og kennitölu félagsins.
 - b) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - c) Númer stjórnarfundar.
 - d) Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
 - e) Dagskrá fundarins.
 - f) Hvort og þá hvenær utanaðkomandi aðilar koma inn á fundi og hvenær þeir fara út af fundum.
 - g) Fundargögn sem voru gerð stjórnarmönnum aðgengileg fyrir fund eða afhent eða sýnd á fundinum.
 - h) Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - i) Hvort og hvers vegna stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða annar víkur af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskrárliðar og hvort viðkomandi hafi haft aðgang að gögnum vegna umræðu eða ákvörðunar.
 - j) Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.
 - k) Hver ritað hafi fundargerðina.
- 7.3 Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá athugasemdir skráðar í gerðarbókina.
- 7.4 Fundargerðarbók skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum og forstjóra er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók félagsins teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.
- 7.5 Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með áritun sinni á fundargerðina.
- 7.6 Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar skulu drög fundargerðar send stjórnarmönnum með þeim hætti sem stjórnarformaður ákveður eins fljótt og unnt er. Skulu stjórnarmenn hafa komið á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin fyrir upphaf næsta fundar. Þar skal fundargerðin borin upp til samþykktar.
- 7.7 Öll þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að stjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála skulu afhent þeim tímanlega fyrir stjórnarfund. Fundargögn skulu varðveitt með fundargerðum stjórnarfunda og vera aðgengileg stjórnarmönnum á lokuðu vefsvæði stjórnar.

8. gr. Undirnefndir stjórnar

- 8.1** Stjórn félagsins skipar í nefndir á sínum vegum og setur þeim starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um skipan þeirra, hlutverk og starfshætti í samræmi við gr. 8.8 í samþykktum félagsins.
- 8.2** Skal kjör nefndarmanna fara fram innan mánaðar frá lokum aðalfundar ár hvert skv. starfsreglum nefndanna. Sérstaklega skal gætt að óhæði nefndarmanna við valið.
- 8.3** Í endurskoðunarnefnd skal skipa 3 menn skv. starfsreglum hennar.
- 8.4** Í starfskjaranefnd skal skipa 3 menn skv. starfsreglum hennar.
- 8.5** Undirnefndir starfa í umboði stjórnar og á ábyrgð hennar.
- 8.6** Álit undirnefnda er ráðgefandi fyrir stjórn og starfa nefndirnar á ábyrgð stjórnar.
- 8.7** Undirnefndir skulu skila stjórn skriflegri skýrslu um starfsemi sína að lágmarki einu sinni á ári.
- 8.8** Stjórn félagsins skal hafa aðgang að fundargerðum undirnefnda á lokuðu vefsvæði stjórnar.

9. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 9.1** Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 9.2** Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður. Skulu stjórnarmenn afhenda félaginu öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni félagsins ef stjórnarformaður telur á því nauðsyn.
- 9.3** Stjórnarmenn aðrir en stjórnarformaður skulu almennt ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns.

10. gr. Vanhæfi

- 10.1** Stjórnarmaður eða forstjóri mega ekki taka þátt fyrir hönd félagsins í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og forstjóra að upplýsa um slík atvik.
- 10.2** Leggja skal fyrir félagsstjórnina til staðfestingar eða synjunar alla samninga sem stjórnarmaður eða forstjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður eða forstjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.
- 10.3** Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína

í félaginu. Skulu þeir jafnframt geta um eignarhluti tengdra aðila. Skulu þeir enn fremur gefa stjórninni skýrslu um breytingar á hlutaeigninni.

- 10.4** Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, upplýsa um setu í stjórnnum annarra félaga. Skulu þeir jafnframt upplýsa félagsstjórn hverju sinni er þeir eftir það taka sæti í stjórnnum félaga eða láta þar af störfum.

11. gr. Upplýsingagjöf

- 11.1** Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir félagsstjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundi í stórum dráttum. Félagsstjórnin getur á stjórnarfundum krafið forstjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem félagsstjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum svo sem upplýsingar um fjármál og fjárhagsstöðu, uppbyggingu og rekstur félagsins á því formi sem félagsstjórn ákveður.

12. gr. Undirritun ársreiknings o.fl.

- 12.1** Ársreikningur félagsins og samstæðureikningur skulu lagðir fyrir félagsstjórn til afgreiðslu og skal stjórnin ásamt forstjóra undirrita ársreikninginn og samstæðureikninginn. Telji stjórnarmaður eða forstjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

13. gr. Reglur verðbréfamarkaðarins

- 13.1** Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, almennum reglum verðbréfamarkaðarins, reglum Fjármálaeftirlitsins og reglum Kauphallar Íslands. Stjórnarmenn skulu gæta sérstaklega að þeim skyldum sem leiða af stöðu þeirra sem fruminnherja í félaginu.
- 13.2** Stjórn félagsins setur félaginu reglur um meðferð innherjaupplýsinga, viðskipti innherja og hvernig staðið skuli að birtingu upplýsinga í Kauphöll Íslands. Reglurnar skulu hafa að geyma ákvæði m.a. um skilgreiningu á innherjum félagsins, hvenær trúnaðarupplýsingar teljist innherjaupplýsingar, hvernig fruminnherjum ber að standa að viðskiptum með hlutabréf í félaginu o.s.frv. Framagreindum reglum er ætlað að tryggja að félagið og innherjar þess fari í hvívetna að reglum verðbréfamarkaðarins og efla þannig trúverðugleika félagsins.

14. gr. Árangursmat og frekari reglur um störf stjórnar

- 14.1** Stjórnin skal árlega meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Stjórn skal yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess.
- 14.2** Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

15. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 15.1** Starfsreglur stjórnar skulu endurskoðaðar árlega og staðfestar af stjórn félagsins.
- 15.2** Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta félagsstjórnar.

15. gr. Varsla og meðferð starfsreglna

- 15.1** Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðarbók félagsins.
- 15.2** Þeir sem eiga sæti í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit starfsreglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.
- 15.3** Stjórnarmönnum, forstjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Framangreindar starfsreglur stjórnar Brims hf. eru settar samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og með hliðsjón af 5. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti frá maí 2015 og samþykktu félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins hinn 27. febrúar 2020.

Í stjórn Brims hf.